

16. fundur stjórnar fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps var haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar, Digranesgötu 2 í Borgarnesi, mánudaginn 19. febrúar kl. 09:00.

Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Þorsteinn Viggósson f.h. Borgarbyggðar, Baldvin Björnsson f.h. Hvalfjarðarsveitar og Pétur Davíðsson, f.h. Skorradalshrepps ásamt Sóleyju Birnu Baldursdóttur, starfsmanni stjórnar. Fulltrúi Akraneskaupstaðar boðaði forföll.

Fundargerð ritaði: Sóley Birna Baldursdóttir

Dagskrá:

1. Nýr starfsmaður stjórnarinnar

Stjórnin þakkar fyrrverandi starfsmanni Hrafnhildi Tryggvadóttur fyrir vel unnin störf og býður Sóleyju Birnu Baldursdóttur velkomna til starfa.

2. Uppgjör fyrri ára

Starfsmanni falið að athuga stöðu og hreyfingar á reikningum frá 2016.

3. Samningur við markavörð

Frestað fram að næsta fundi.

4. Endurskoðun fjallskilasamþykktar

Athugasemdir bárust frá fjórum fjallskilanefndum innan Borgarbyggðar. Ekki bárust athugasemdir frá sveitarfélögunum. Athugasemdir ræddar.

Starfsmanni er falið að kalla eftir afréttaskrá frá hverri fjallskilanefnd í hverju sveitarfélagi sem fellur undir stjórnina.